



E 13/2019

Fyrirspyrjandi Liselott Blixt (DF)
Til Ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn
um hvernig svið óhefðbundinna meðferða innan heilbrigðisgeirans er
skipulagt í norrænu ríkjunum**

Fyrirspyrjandinn bendir á að í Danmörku sé fyrir hendi skráning á óhefðbundnum meðferðaraðilum sem - á grundvelli þess að þeir uppfylli tiltekin fagleg og menntunarleg skilyrði - eru skráðir í RAB (registrerede alternative behandlere) en sá listi er viðurkenndur af Styrelsen for patientsikkerhed. Það eykur öryggi sjúklinga að þeir geti sótt upplýsingar um hæfa óhefðbundna meðferðaraðila af óháðum lista og það myndi marka tímamót að önnur norræn ríki hefðu samsvarandi kerfi vegna óhefðbundinna meðferðaraðila.

Í ljósi þessa er eftirfarandi fyrirspurn borin fram

- Er hægt að veita upplýsingar um það hvernig svið óhefðbundinna meðferða innan heilbrigðisgeirans er skipulagt í norrænu ríkjunum, þar með talið hvernig leyfismálum og löggildingu óhefðbundinna meðferðaraðila er háttað með tilliti til faglegs og menntunarlegs bakgrunns þeirra?

Kaupmannahöfn, 12. september 2019

Liselott Blixt (DF)